

UTANRÍKISMÁLANEFND

Landsfundarályktun 2015

Meginmarkmið Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálum er:

- að standa vörð um fullveldi þjóðarinnar,
- að efla stjórnámalegt og efnahagslegt sjálfstæði Íslendinga í samskiptum við útlönd,
- að stuðla að friðsamlegu samstarfi þjóða og ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda,
- að efla tengsl við þær þjóðir, sem deila með okkur hugsjónum um lýðræði, jafnrétti og mannréttindi.

Fullveldi þjóðarinnar byggir á efnahagslegu sjálfstæði. Hagkerfi Íslendinga á mikið undir því að um heimsviðskipti gildi alþjóðlegar reglur, sem tryggja í senn viðskiptafrelsi, jafnrétti þjóða í millum og tillitssemi og ábyrgð í umhverfismálum. Stuðla ber að því að hagkerfi þjóðarinnar og samstarf við aðrar þjóðir þróist með það langtímamarkmið í huga að styrkja efnahagslega sjálfbærni.

Utanríkisverslun

Viðskiptafrelsi er einn af hornsteinum utanríkisstefnu Íslands. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að tryggja sem víðtækast frelsi í utanríkisviðskiptum og afnám viðskiptahindrana.

Um leið og Ísland undirbýr afnám gjaldeyrishafta til að styrkja stöðu sína jafnt út á við sem inn á við ríkir vaxandi óvissa um alþjóðleg viðskipti og þróun efnahagsmála. Mikillar óvissu gætir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og undirstöður efnahagsþróunar í heiminum bera vott um vaxandi veikleika. Átök um mikilvægar auðlindir, svo sem matvæli, vatn og orku, eru fyrirsjáanleg. Er því brýnt við núverandi aðstæður að móta langtímamarkmið um efnahagslega sjálfbærni með tilliti til auðlinda-, orku- og umhverfismála.

Mikilvægir markaðir fyrir útflutningsafurðir Íslendinga hafa lokast og óvíst hvenær aðstæður breytast að því leyti. Ísland tekur þátt í þvingunaraðgerðum vestrænna ríkja gegn Rússlandi og í framhaldi af því hafa rússneskt stjórnvöld komið á víðtæku banni við innflutning matvæla, sem hefur veruleg neikvæð áhrif á íslenskt þjóðarþjú. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að allar ákvarðanir á þessu sviði þurfi í senn að byggja á mati á langtímahagsmunum á sviði alþjóð- og öryggismála og þeim efnahagslegum hagsmunum, sem aðgerðir á þessu sviði hafa áhrif á.

Innlímun Krímskaga og hernaðarstuðningur Rússlands við aðskilnaðarsinna í austur Úkraínu eru skýrt brot á alþjóðalögum og verður að linna. Sjálfstæðisflokkurinn mótmælir beinum og óbeinum hernaðaryfirgangi Rússlands í Úkraínu. Mikilvægt er að dregið sé úr spennu á svæðinu og viðræður milli stríðandi fylkinga leiði til friðar á grundvelli alþjóðalaga. Sjálfstæðisflokkurinn mótmælir jafnframt viðskiptabanni Rússlands gagnvart Íslandi, sem felur í sér aðgerðir langt umfram tilefni.

Ísland á mikið undir því að rækta góð viðskiptasambönd við sem flest ríki heimsins.

Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að fríverslunarsamningum við ríki Ameríku og Asíu verði fjölgað, tvíhliða eða í samvinnu við önnur aðildarríki EFTA. Brýnt er að leitað verði leiða til að Ísland nái fríverslunarsamningi við Bandaríkin. Landsfundur hvetur til þess að stjórnvöld beiti sér fyrir því að ekki verði innheimtir tollar af vörum frá ríkjum sem Ísland á fríverslunarsamning við, þegar umskipun í höfnum Evrópusambandsins á sér stað.

Alþjóðleg samvinna

Grundvöllur utanríkisstefnu Sjálfstæðisflokksins er að standa vörð um hagsmuni Íslands með alþjóðlegu samstarfi og rækta sérstaklega tengsl við þær þjóðir sem deila með okkur hugsjónum um frelsi, lýðræði og mannréttindi.

Norrænt samstarf er einn mikilvægasti þátturinn í samstarfi Íslendinga við aðrar þjóðir og ber að leggja mikla rækt við þau tengsl. Á það ekki síst við um nágrannabjóðir okkar, Færeyinga og Grænlandinga.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra samtaka og stofnana ber Íslendingum að styðja af einurð málefni friðar og mannréttinda og stuðla að umbótum og framförum á alþjóðavettvangi. Þar ber hæst baráttu gegn hungri, sjúkdómum og fátækt og að tekið sé á vanda flóttafólks í heiminum með markvissum hætti.

Styðja ber viðleitni til að fækka gereyðingarvopnum.

Forsendur jákvæðrar efnahagsþróunar og bættra kjara íbúa fátækustu ríkja heims eru aukin utanríkisviðskipti og virðing fyrir umhverfismálum. Sjálfstæðisflokkurinn telur að stefna beri að því á heimsvísu að draga úr viðskiptahindrunum, sem snerta sérstaklega fátækustu þjóðir heims til að stuðla þannig að aukinni hagsæld þessara ríkja.

Í deilunni milli Ísrael og Palestínu styður Sjálfstæðisflokkurinn tveggja ríkja lausn, sem með alþjóðlegum stuðningi og skilgreindum markmiðum getur leitt til raunverulegs og varanlegs friðar í þessum heimshluta.

Evrópa er mikilvægasta markaðs- og menningarsvæði Íslands og mikilvægt að tryggja áfram opinn og frjálsan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Nýta ber þau margvíslegu tækifæri sem samningurinn veitir til að fylgja eftir hagsmunum Íslands gagnvart öðrum ríkjum Evrópu. Jafnframt áréttar Sjálfstæðisflokkurinn að mikilvægt sé að Íslendingar meti sjálfstætt þær breytingar sem verða á þróun EES mála og nýti sér það svigrúm, sem samningurinn býður upp á til að verja hagsmuni sína. Þá er brýnt að spyrna fótum við íþyngjandi regluverki innan EES.

Sjálfstæðisflokkurinn áréttar að hagsmunir Íslands séu best tryggðir með því að standa utan Evrópusambandsins og því að aðildarviðræðum við ESB hafi verið hætt. Mikilvægt er að tryggt verði að aðildarviðræður verði ekki teknar upp að nýju án þess að þjóðin verði spurð hvort hún óski eftir aðild að Evrópusambandinu.

Hagsmunir á norðurslóðum

Huga ber vandlega að norðurslóðum í meðferð utanríkismála landsins. Nýjar skipaleiðir og nýting auðlinda á þessu svæði fela í sér möguleika til að styrkja efnahag þjóðarinnar þegar fram í sækir. Hinar nýju aðstæður skapa einnig aukna hættu af margvíslegum toga ásamt nýjum úrlausnarefnum. Þrenns konar öryggis ber að gæta í þessu samhengi, sem varðar hernaðarlega þætti, umhverfismál og samgöngumál.

Sjálfstæðisflokkurinn telur grundvallaratriði að skipting hafsvæða og nýting auðlinda á norðurskautssvæðinu verði í samræmi við hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og að Norðurskautsráðið verði áfram sá vettvangur, þar sem aðildarríkin vinna að sameiginlegum málum, sem varða norðurslóðir. Einnig er mikilvægt að deilumál verði leyst á friðsamlegan hátt og spornað verði við hernaðarlegri uppbyggingu á svæðinu. Umhverfi norðurslóða er afar viðkvæmt og þess vegna verður nýting auðlinda og flutningur afurða ávallt að taka tillit til umhverfisins og lúta viðurkenndum kröfum um öryggi og sjálfbærni. Efla ber björgunarsamstarf og koma því í formlegt horf, t.d. með því að stofna alþjóðlega öryggisstöð, sem staðsetja mætti á Íslandi, sem getur sinnt björgunarstarfi og tryggt umhverfisöryggi.

Öryggis- og varnarmál

Sjálfstæðisflokkurinn telur að öryggi landsins sé best tryggt með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna. NATO er varnarbandalag og brýnt að bandalagið taki mið af því við breyttar aðstæður. Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að varnarsamstarfi við Bandaríkin sé hagað þannig að varnir landsins séu ávallt í samræmi við þarfir Íslands, meðal annars fyrir loftrýmisgæslu og björgunarmál, og að reglulegar æfingar tryggi að sveitir, sem ætlað er að koma landinu til varnar, þekki staðhætti vel. Jafnframt ætti að auka varnarsamstarf við önnur nágrannaríki okkar, einkum Norðurlöndin til þess að tryggja að eðlilegum varnarstörfum sé sinnt frá degi til dags.

Endurskoða þarf stjórnýslu varnar- og öryggismála í landinu. Skipulag og hlutverk stjórnkerfis á því sviði þarf að afmarka betur með lögum og aðgreina frá almennum verkefnum og valdheimildum lögreglu og landhelgisgæslu.

Varnarþörf landsins snýr ekki eingöngu að hernaðarlegum þáttum heldur er einnig rétt að kalla eftir stefnumótun yfirvalda er varðar tölvu- og gagnaöryggi, efnahagsöryggi og aða borgaralega þætti. Jafnframt þarf að huga að öryggisógnum sem breytingar í umhverfismálum geta valdið. Tryggja ber Íslendingum rétt til afnota af upplýsingatækni án þess að persónufrelsi þeirra sé raskað til dæmis með söfnun lýsigagna (e. metadata).

Sýna ber fulla árvekni og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn alþjóðlegum hættum, svo sem hvers kyns hryðjuverkastarfsemi, ofbeldi öfgahópa, mansali, eiturlyfjasmygli og peningabætti. Náið samstarf skal hafa í þessum efnum við aðrar þjóðir með því að efla samvinnu á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, NATO og Evrópuráðsins. Mikilvægt er að í slíkum aðgerðum sé ávallt gætt meðalhófs og mannréttindi höfð í hávegum. Þörf er á endurskoðun Schengen-samstarfsins vegna þróunar í Evrópu með hagsmuni Íslands að leiðarljósi.